# Nemastofa atvinnulífsins




Fyrirtæki | Vinnustaðanám | Nám og fræðsla

## Opið fyrir umsóknir í Vinnustaðanámssjóð

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Vinnustaðanámssjóði. Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámsskrá framhaldsskóla. Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2023 kl. 15:00.

Sækja um styrk



# Nemastofa atvinnulífsins

- Nemastofa atvinnulífsins var stofnuð í apríl 2022 og er í jafnri eigu fulltrúa atvinnulífsins sem standa að Rafmennt og Iðunni fræðslusetri.
- Markmið Nemastofu atvinnulífsins er að:
- Stuðla að fjölgun faglærðs starfsfólks í atvinnulífi
- Styðja við og efla vinnustaðanám í iðngreinum
- Skapa samstarfsvettvang um þróun vinnustaðanáms í iðngreinum.
- Stuðla að öflugu samstarfi framhaldsskóla og fyrirtækja um kennslu og þjálfun iðnnema.



Nemastofa atvinnulífsins

# Verkefni Nemastofu atvinnulífsins

1. Hvetja og aðstoða fyrirtæki að skrá sig á birtingalista fyrirtækja með nemaleyfi í iðngreinum
2. Hafa yfirsýn yfir fjölda nema í vinnustaðanámi og áætla þörf á nemaplássum í iðngreinum
3. Kynna iðn- og starfsnám og fjölbreytt störf í iðnaði.
4. Vera samstarfsvettvangur umræðu um verkefni og viðfangsefni þjálfunar á vinnustað þ.m.t. inntak rafrænna ferilbóka.
5. Standa fyrir viðburðum og ráðstefnum um vinnustaðanám og veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja sem að taka nema.
6. Bjóða þjálfun og fræðslu til tilsjónarmanna og iðnmeistara sem taka á móti nemum. Efla færni í þjálfun nema á vinnustað og notkun rafrænna ferilbóka.
7. Sinna verkefnum sem mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun og/eða framhaldsskólar eftir atvikum fela Nemastofu samkvæmt samningi þar um.

Nemastofa atvinnulífsins

# Breyting á reglugerð um vinnustaðanám

- Þann 1. ágúst 2021 tók gildi ný reglugerð um vinnustaðanám.
- Með reglugerðinni var innleitt rafrænt umsjónarkerfi með vinnustaðanámi.
- Í kerfinu er skrá yfir fyrirtæki, starfsgreinar, iðnmeistara og sveina sem annast kennslu á vinnustað og upplýsingar um fjölda nema sem fyrirtæki geta boðið vinnustaðnám eftir starfsgreinum.
- Fyrirtæki sem bjóða eða vilja bjóða vinnustaðanám og uppfylla skilyrði reglugerðar um vinnustaðanám þurfa að vera á skrá hjá Menntamálastofun
- Framhaldsskólar hafa umsjón með nemendum í vinnustaðanámi, sjá um gerð og staðfestingu námssamninga og hafa eftirlit með þeim.
- Skólinn stofnar rafræna ferilbók sem fylgir nemanum út vinnustaðanámið
- Listi yfir fyrirtæki sem uppfylla skilyrði til að taka nema er birtur á  heimasíðu Menntamálastofnunar.

Nemastofa
atvinnulífsins

# Af hverju þarf að skrá fyrirtæki á birtingaskrá?

- Stjórnvöld og framhaldsskólar hafa yfirsýn yfir fjölda fyrirtækja og nemaplássa í boði í öllum iðngreinum.
- Fyrirtæki á birtingaskrá eru sýnileg framhaldsskólum og nemum sem eru að leita að námssamningi.
- Nemar í vinnustaðanámi fylgja rafrænni ferilbók þar sem áherslur og viðfangsefni vinnustaðanámsins er útlistað.
- Fyrirtæki á birtingaskrá hafa aðgang að þjónustu Nemastofu s.s. námskeiðum og fræðslu sem tengist vinnustaðanámi.
- Vilji stjórnvalda er að líta heildstætt á iðnnám og styðja við fyrirtæki og nemendur í iðngreinum.

Nemastofa atvinnulífsins

# Heimasíða Nemastofu




Nemastofa atvinnulífsins

# Hvernig skrái ég fyrirtæki á birtingalista?

Nemastofa aðstoðar við skráningu á birtingalistann

Senda eftirfarandi upplýsingar á nemastofa@nemastofa.is

a) Nafn fyrirtækis, kennitala, heimilsfang, póstnúmer, netfang og símanúmer fyrirtækisins. Iðngrein/ar í boði og fjölda nema sem fyrirtækið telur sig geta boðið vinnustaðanám

b) Nafn meistara, kennitölu, netfang, símanúmer og mynd af meistarabréfi. Ef sveinar eru tilsjónarmenn nema þá þarf nafn sveins, kennitölu, netfang, símanúmer og mynd af sveinsskírteini viðkomandi

Nemastofa atvinnulífsins

# Skráning hjá Menntamálastofnun




Nemastofa
atvinnulífsins

# Fyrirtæki og starfsgreinar á birtingaskrá

23. janúar 2023

| | |
|---|---|
| **Málm og vél** | |
| Rennismíði | 10 |
| Stálsmíði | 10 |
| Vélvirkjun | 29 |
| Blikksmíði | 6 |
| Netagerð | |
| **Rafinðgreinar** | |
| Rafvirkjun | 68 |
| Rafeindavirkjun | 2 |
| Rafveituvirkjun | 1 |
| **Bíliðn** | |
| Bifreiðasmíði | 18 |
| Bifvélavirkjun | 52 |
| Bílamálun | 22 |
| **Náttúrunýting** | |
| Skrúðgarðyrkja | 1 |
| **Þar af 74 fyrirtæki með 2+ starfsgreinar** | |

| | |
|---|---|
| **Mat - veit** | |
| Matreiðsla | 71 |
| Framreiðsla | 35 |
| Kjötiðn | 10 |
| Bakaraiðn | 25 |
| Matartæknir | 1 |
| **Snyrtigreinar** | |
| Snyrtifræði | 27 |
| Hársnyrtiðn | 92 |
| **Prent og miðlun** | |
| Ljósmyndun | 2 |
| Prentari | 1 |
| Prentsmíð/Grafísk | 3 |
| Bókband | |

| | |
|---|---|
| **Byggingagreinar** | |
| Húsasmíði | 104 |
| Húsamálun | 18 |
| Pípulagnir | 48 |
| Múraraiðn | 6 |
| Veggf og dúklögn | 3 |
| Húsgagnasmíði | 1 |
| Húsgagnabólstrun | |
| **Hönnun og hand** | |
| Gull og silfur | 15 |
| Kjól og klæð | 5 |
| Skósmíði | |
| Söðlasmíði | |
| Úrsmíði | |
| **Fyrirtæki á skrá** | **595** |
| **Fjöldi starfsgreina** | **686** |

Nemastofa atvinnulífsins

# Fjöldi virkra nema í málmiðingreinum í framhaldsskólum haustið 2022

Virkir nemendur í framhaldsskólum eftir iðngreinum 15.október 2022

| Námsgrein | Meðalald | Fjöldi framhaldsskólaner | Fjöldi fyrirtæk |
|---|---|---|---|
| Blikksmíði | 32,0 | 19 | 6 |
| Málmiðnir grunnnám | 17,5 | 173 | |
| Rennismíði | 28,2 | 35 | 10 |
| Stálsmíði | 26,4 | 41 | 10 |
| Stálvirkjasmíði | 22,3 | 9 | |
| Vélvirkjun/vélsmíði | 23,2 | 234 | 29 |

Nemastofa atvinnulífsins

# Rafræn ferilbók

Skólinn stofnar rafræna ferilbók fyrir nemann og ferilbókin virkjast þegar meistarinn, neminn og skólinn staðfesta samninginn.

- Verkflokkar og verkefni eru tilgreind í ferilbókinni
- **Neminn skráir í bókina** en meistarinn eða tilsjónarmaður nemans staðfestir að verkflokkum og verkefnum sé náð - að hæfni sé náð
- Samtalið á milli nemans og meistarans eða tilsjónamanns á vinnustað er sem fyrr það sem skiptir máli.
- Skipulag verkefna – að veita endurgjöf – gangrýna, leiðrétta og hrósa. Að vera fyrirmynd – tala fyrir fagmennsku ofl.
- Námskeið í boði fyrir meistara og tilsjónarmenn – sjá www.nemastofa.is. Næsta námskeið er í febrúar

Nemastofa atvinnulífsins

# Rafræn ferilbók í vélvirkjun

## Vélvirki

*Útgáfa 2*

1. Móttaka nema og kynning á vinnustað
2. Öryggis-, umhverfis-, samskipta- og gæðamál
3. Verkfæri, málmsmíðavélar og mælitæki
4. Uppsetning og afrétti
5. Bilanagreining
6. Brunavélar - upptekt

Verkþættir flokks

- Strokklok
- Stimplar og slífar
- Sveifarás
- Vélarblokk
- Eldsneytiskerfi
- Afgas- og skolloftsblásarar
- Smurkerfi - vinnur við
- Kælikerfi - vinnur við
- Ræsibúnaður - vinnur við
- Stýrikerfi og rafkerfi, vinnur við
- Gangsetning

7. Drif og gírbúnaður
8. Dælur
9. Legur og pakkdósir
10. Stýritækni, vökvakerfi, kælikerfi
11. Föst flutningakerfi og spil
12. Smíðar og efnisval
13. Spóntökuvélar og tölvustýrðar vélar
14. Málmsuða

Nemastofa atvinnulífsins

# Fjölgum faglærðum á vinnumarkaði

- Ungt fólk hefur áhuga á iðnnámi en aðgengi að námi er takmarkað.
- Færri komast að í iðnnám en vilja
- Nemar sem ljúka grunnskóla hafa forgang – meðalaldur þeirra sem sækja um í iðnnám er töluvert hærri,  eru 18 ára eða eldri.
- Það er skortur á faglærðu fólki í flestum iðngreinum - en mikilvægt að  greina stöðuna nánar.
- Hver þarf endurnýjunin að vera?

Nemastofa atvinnulífsins

# Nemastofa atvinnulífsins

- Mikilvægt að móta menntastefna í iðn- og starfsmenntamálum sem er í  takt við þarfir í atvinnulífi – þar er verk að vinna.
- Koma með tillögu að umbótum á kerfi rafrænu ferilbókarinnar og birtingaskrá, þar sem þörf er á.
- Samræma þarf verklag á milli framhaldsskóla
- Fjölgun faglærðra á vinnumarkaði næst ekki nema með öflugri aðkomu fyrirtækja í þjálfun nema á vinnustað
- Rafræn umsjónarkerfi og rafræn ferilbók er skref í rétta átt
- Netfangið   olafur@nemastofa.is

Nemastofa
atvinnulífsins